

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Brottfallinn starfsleyfisflokkur:
Landeldi ehf	10. 11. 2020	Öxnalækur	4
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhent:	Gerð stöðvar:
650417-1510	31. mars 2029	Já – 10.11.2020	Landeldi, laxa- og bleikjuseiði

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	x			Starfsleyfið var fært yfir á nýjan rekstraraðila þann 10. ágúst sl. Engin starfsemi hefur verið í gangi síðan þá.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	x			Starfsleyfið var fært yfir á nýjan rekstraraðila þann 10. ágúst sl. Áætlanir eru um að hefja rekstur seiðaeldisstöðvarinnar fljótlega.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	x			Starfsleyfið var fært yfir á nýjan rekstraraðila þann 10. ágúst sl. Samherji ehf. notaði forritið Farm Control og og þar voru daglegar skráningar.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?	x			Ársskýrsla Samherja ehf. fyrir árið 2019 barst 30. apríl 2020
Grænu bókhaldi og ústreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?	x			Grænt bókhald Samherja ehf. fyrir árið 2019 barst 30. apríl 2020
Er áhættumat og uppfærð viðbragðsáætlun aðgengileg á staðnum? Er áætlun um frágang rekstrarstöðvunar aðgengileg á staðnum?	x			Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar bárust 17. nóvember sl.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			x	
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	x			
Er neyðaráætlun til staðar?	x			Neyðaráætlun skal liggja fyrir áður en rekstur hefst.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	x			Umhverfismarkmið skulu liggja fyrir áður en rekstur hefst.
Stýring á fódurgjöf þannig að úrgangsmyndun sé í lágmarki?	x			Rekstraraðili hefur ekki hafið starfsemi. Klukkufóðrarar og fódurþörf útreiknuð þegar að því kemur.
Er skráning á losun fósfors og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	x			Samherji ehf. fylgdist með losun N og P í frárennsli. Sjá skýrslu 2019 Losun fosfors í síðustu skýrslu var 7,7 kg/tonn sem er yfir losunarmörkum. Síðustu mælingar Samherja ehf. voru gerðar árið 2017.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennsli? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennsli?	x			Rekstraraðili hefur ekki hafið starfsemi. Ekkert álag er frá frárennsli sem rennur í Varmá/Þorleifslæk á meðan stöðin er tóm.
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennsli, síun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá keri að viðtaka.	x			Rekstraraðili hefur ekki hafið starfsemi. Setþró er í frárennsli. Aftan við setþróna eru fáeinir metrar út í viðtakan (Varmá).
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	x			Sjá fyrra svar.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.	x			Rekstraraðili hefur ekki hafið starfsemi. Samkvæmt starfsleyfi skal á þriggja ára fresti mæla efnainnihald vatns einn metra frá útrás.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi?	x			-

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Söfnun og förgun dauðfisks?				Rekstraraðili áætla að nýta sér meltugerð Fiskiafurða- Umboðssala ehf. í Þorlákshöfn.
Er umhverfissvöktun í samræmi við starfsleyfi?	x			Rekstraraðili hefur ekki hafið starfsemi.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfissvöktunar.	x			Rekstraraðili hefur ekki hafið starfsemi.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			x	Rekstraraðili hefur ekki hafið starfsemi.
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	x			Rekstraraðili hyggst láta taka sýni úr frárennsli þegar lífmassi í stöðinni er orðinn eðlilegur og síðan á þriggja ára fresti. Mæla skal heildarfosfór, heildarköfnunarefni, svifagnir og TOC (eða COD).

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Eitt frávik kom fram í eftirliti ársins 2018 er varðar að losun fosförs í frárennsli var yfir mörkum (7,7 kg á framleitt tonn), Þrjár ábendingar voru gerðar í eftirlitinu er varða að tengja þarf saman yfirfallslagnir við frárennslistokk, huga þarf að hreinsun rusls á lóðinni og aðlaga þarf umhverfismarkmiðin að stöðinni í Öxnalæk.

Ath.: Hér er rétt að taka fram að réttindi og skyldur færast yfir með handhafabreytingu á starfsleyfinu.

Samantekt:

Farið var í eftirlit í seiðaeldisstöð Landeldis ehf. að Öxnalæk í Hveragerði. Fulltrúi rekstraraðila var Haraldur Tryggvi Snorrason og Gottskálf Friðgeirsson var fulltrúi Umhverfisstofnunar.

Dagskrá fundar

1. Kynning á rekstrinum á Öxnalæk
2. Hreinsivirki í frárennsli
3. Kröfur í starfsleyfi
4. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
5. Skráning olúgeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
6. Önnur mál

Skoðun á stöðinni

Sest var á fund og rekstraraðili fór yfir áætlanir með stöðinni og þá hvað er í vendum, en hann áætla að leigja útikerin í 2-3 mánuði en fara síðan í gang með eigin seiðaeldi í upphafi næsta árs.

Leyfilegt umfang stöðvarinnar skv. starfsleyfi er 100 tonn af laxa- og bleikjuseiðum á ári með áframræktun í öðrum stöðvum.

Vatn er sjálfrennandi og því ekki þörf á varaafsstöð og því engum olúgeymum.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

	<p>Farið var yfir kröfur í starfsleyfi og skiladaga samkvæmt því. Áætlanir sem þurfa að liggja fyrir og eins skráningar sem kröfur eru um og mælingar og minnt á að 1. maí er skiladagur á Grænu bókhaldi og ársyfirliti fyrir árið á undan.</p> <p>Eftirlitsaðili gerir ráð fyrir því að farið verði í árlegt eftirlit þar til rekstrasaga nýrra aðila hefur orðið til og hægt er að ákvarða tíðni eftirlita út frá áhættumati Landeldis ehf.</p> <p>Engar olíur eru geymdar á lóð rekstraraðila og enn eru engin hættuleg efni né spilliefni í stöðinni.</p> <p>Nú er allt eldisvatn sótt í borholur innan lóðar fyrirtækisins en hugsanlegt er að heitara vatn verði sótt lengra í burtu og þá verði þörf á dælingu og varaafli.</p>
Annað:	<p>Gengið var um stöðina bæði innandyra og utan. Rekstraraðili hefur enn ekki komið sér fyrir en fyrirhugaðar eru breytingar og endurbætur á húsakynnum og búnaði. Læst hlið er á aðkeyrsluvegi að stöðinni.</p> <p>Ekki eru gerðar athugasemdir við stöðina.</p>

Undirskrift eftirlitsmanns: _____



Dags eftirlits	10.11.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Landeldi ehf.	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Öxnalæk	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	650417-1510	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Haraldur Snorrason	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	393201,157 388615,307

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust í eftirliti.

Ábendingar voru gerðar um gagnaskil fyrir 1. maí á næsta ári.

Eins um að ljúka við gerð neyðaráætlunar sem skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri og skal innihalda tillögur um meðferð og förgun eldisfisks þann tíma sem stöðin er ekki í rekstri.

Mæla þarf efnamagn í frárennsli þegar lífmagn í stöðinni er komið í eðlilegt horf.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í eftirlit í seiðaeldisstöð Landeldis ehf. að Öxnalæk í Hveragerði.

Fulltrúi rekstraraðila var Haraldur Tryggvi Snorrason og Gottskálk Friðgeirsson var fulltrúi Umhverfisstofnunar.

Dagskrá fundar

1. Kynning á rekstrinum á Öxnalæk
2. Hreinsivirki í frárennsli
3. Kröfur í starfsleyfi
4. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
5. Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017
6. Önnur mál
7. Skoðun á stöðinni

Sest var á fund og rekstraraðili fór yfir áætlanir með stöðinni og þá hvað er í vændum, en hann áætlað að leigja útikerin í 2-3 mánuði en fara síðan í gang með eigin seiðaeldi í upphafi næsta árs.

Leyfilegt umfang stöðvarinnar skv. starfsleyfi er 100 tonn af laxa- og bleikjuseiðum á ári með áframræktun í öðrum stöðvum.

Vatn er sjálfrennandi og því ekki þörf á varaafsstöð og því engum olíugeymum.

Farið var yfir kröfur í starfsleyfi og skiladaga samkvæmt því. Áætlanir sem þurfa að liggja fyrir og eins skráningar sem kröfur eru um og mælingar og minnt á að 1. maí er skiladagur á Grænu bókhaldi og ársyfirliti fyrir árið á undan.

Eftirlitsaðili gerir ráð fyrir því að farið verði í árlegt eftirlit þar til rekstrasaga nýrra aðila hefur orðið til og hægt er að ákvarða tíðni eftirlita út frá áhættumati Landeldis ehf.

Engar olíur eru geymdar á lóð rekstraraðila og enn eru engin hættuleg efni né spilliefni í stöðinni.

Nú er allt eldisvatn sótt í borholur innan lóðar fyrirtækisins en hugsanlegt er að heitara vatn verði sótt lengra í burtu og þá verði þörf á dælingu og varaafli.

Gengið var um stöðina bæði innandyra og utan. Rekstraraðili hefur enn ekki komið sér fyrir en fyrirhugaðar eru breytingar og endurbætur á húsakynnum og búnaði. Læst hlið er á aðkeyrsluvegi að stöðinni.

Ekki eru gerðar athugasemdir við stöðina.


ÁBENDINGAR

1. Rekstraraðila er bent á gagnaskil fyrir 1. maí 2021, bæði ársyfirlit og Grænt bókhald fyrir árið á undan.
2. Mæla þarf efnamagn í frárennsli þegar lífmagn í stöðinni er komið í eðlilegt horf.
3. Ljúka þarf gerð neyðaráætlunar sem skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri og skal innihalda tillögur um meðferð og förgun eldisfisks þann tíma sem stöðin er ekki í rekstri.

21.12.2020

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Gottskálk Friðgeirsson